



FUNDUR Í FRÆÐSLUNEFND BLÖNDUÓSBÆJAR

VEGNA LEIKSKÓLANS BARNABÆJAR

Dagsetning: 27. nóvember 2014 í leikskólanum Barnabæ.

Dagskrá:

1. Reglur leikskólans
2. Önnur mál

Afgreiðslur:

Mæting samkvæmt undirskriftum.

1. Jóhanna leikskólastjóri lagði fram drög að endurbættum reglum Barnabæjar. Stærstu breytingar eru þær að aldur til leikskólavalar verði hækkaður úr 6 mánaða í 9 mánaða og að það komi fram í reglunum að leikskólinn sé lokaður 24. og 31. desember.
Einnig kom upp sú hugmynd að bjóða foreldrum sem kjósa að bjóða börnum sínum lengra sumarfrí, sex eða átta vikur, upp á það og þá þarf ekki að greiða leikskólagjöld þann tíma. Aukafríð þarf að vera í samfellu við lokunina. Foreldrar þurfa að tilkynna lenginguna fyrir 1. maí.
Jóhanna talaði um reglu 4 sem snýr að 6 ára börnum sem koma inn aftur að loknu sumarfríi. Þetta virkar ekki mjög vel og fáir nemendur sem nýta sér þetta. Jóhanna leggur til að þessi regla falli niður og það verði venjan að 6 ára nemendur ljúki skólagöngu á leikskóla við upphaf sumarleyfis.
Niðurstaða fundarins er sú að Jóhanna lagfærir skjalið og sendir á nefndina til endurskoðunar. Síðan tókum við málið upp aftur eftir áramót.
2. Formaður lagði fram erindisbréf nefndarinnar og samþykktum við það fyrir okkar leiti.

Fundargerðin upplesin – fundi slitið.

Anna Kr. Davíðsdóttir
Bergþór Pálsson
Eva Hrund Pétursdóttir
Helgi Haraldsson
Jóhanna G. Jónasdóttir, leikskólastjóri
Sigríður Helga Sigurðardóttir, fulltrúi leikskólakennara
Sunna Hólm, fulltrúi foreldra

Kristín Jóna Sigurðardóttir